

## **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 23. október 2018**

Lagt er til að frístundaheimili fyrir börn foreldra sem eru undir framfærsluviðmiði velferðarráðuneytisins verði gjaldfrjáls. Samkvæmt nýjustu upplýsingum eru tæp 500 börn sem hér um ræðir, sjá viðhengi.

### **Greinargerð**

Í þeim tilgangi að styðja enn betur við efnaminni fjölskyldur er lagt til að foreldrar sem eru undir fátæktarmörkum fái gjaldfrjáls frístundaheimili fyrir börn sín. Efnahagsþrengingar foreldra hafa iðulega mikil og alvarleg áhrif á börnin í fjölskyldunni. Sumar fjölskyldur eru enn að glíma við fjárhagserfiðleika vegna afleiðinga hrunsins og sjá ekki fyrir sér að geta rétt úr kútnum næstu árin ef nokkurn tíma. Fólk sem er með tekjur að upphæð u.þ.b. 250.000 kr. á mánuði á þess engan kost að ná endum saman ef húsnæðiskostnaður er einnig innifalinn í þeirri upphæð. Skuldir og fjárhagsstaða foreldra mega ekki bitna á börnum. Það er skylda okkar sem samfélags að sjá til þess að börnum sé ekki mismunað á grundvelli fjárhagsstöðu foreldra þeirra. Börnum sem er mismunað vegna fjárhagsstöðu foreldra samræmist ekki 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um jafnræði – banni við mismunun af nokkru tagi án tillits til m.a. félagslegra aðstæðna. Börn fátækra foreldra sitja ekki við sama borð og börn efnameiri foreldra. Þau fá t.d. ekki sömu tækifæri til tómtunda. Með þessari tillögu er verið að freista þess að tryggja að börn efnaminni foreldra missi hvorki pláss á frístundaheimilum né verði svikin um tækifæri til að sækja frístundaheimili vegna bágrar félags- og fjárhagslegrar stöðu foreldra.